




# andkorn

"99



Sögur,  
skop,  
ljó og  
margt  
fleira



Grunnskólinn Sandgerði  
SKÓLASAFN

Ottar

## Jæja jæja elsku dúllurnar !!!!!

Okkar þá er þetta æðislegasta sandkorn allra tíma að komast út og vonandi hafið þið sem allra mestu skemmtun af þessu æðislega blaði. Við viljum þakka þeim kærlega fyrir sem lögðu hönd á plógin við að gera blaðið. En þið hefðuð mátt senda inn meira efni!!! Munið það bara næst. Þ.S. SKEMMTIÐ YKKUR MJÖG VEL Á ÁRSHAFÍÐINNI OG GLEÐILEGA ÞÁSKA.

SVAVAR 8 S.P. og HJÁLMAR 8.E.S.G.

### Þeir sem komu að gerð þessa blaðs:

Beta	10. EÍA
Ella besta	10. SF
Hjödða líka	9. RÖJ
Idda	9. RÖJ
Svanný	9. EP
Rattó	9. EP
Svabbi	8. SP
Tóta	8. SP
Hjalli	8. ESG
Gugga	8. ESG
Sippi-Palli	7. ÞBT
Undirskál	7. TBJ
Ussi Kennó	



Munið símann sem er:


421-4067

Hafnargötu 30,  
Keflavík



# Orðabók Sandkorns


vanda/mál	Danska
stinningskaldi	getuleysi
standpína	ömurleg myndarstyttu
sogskálar	brjóst
sviss	kynskiptingur
kyntröll	stór víbrador
fjárdráttur	samfarir við rollu
banani	krypplingur
baunaspíra	langur og mjór dani
apotek	diskótek
aftanblær	hljóðlátur viðrekstur
afruglari	geðlæknir
barmahlíð	brjóst
baunasúpa	danamergð
beygla	krypplingur
Bjarni Fel	feluhommi
blóðsuga	dömubindi
féhirðir	ræningi
fjánhús	banki
flugtak	flugrán
flatbrauð	pizza
forhönd (golf)	skeinihönd
fornám	nám í bændaskólanum
forvörður	salernisvörður
frostpinni	eskimói
geimskutla	partýstelpa
geimvera	glaumgosi
gleðigjafi	kynfæri
GSM-sími	Grobb- Snobb- Mont- sími
gúmmítöffari	smokkæigandi
hraunmoli	fangi á Litla-Hauni
höfuðatriði	heili
höggormur	boxari
varúlfur (var/úlfur)	dauður úlfur
yfirdráttarheimild	leyfi sem heppnir fá frá maka sínum til að láta aðra njóta góðs af ástarþörf sinni.



# BRANDARAR

Kýrin Elsa og nautið Sólon stóðu sitthvoru megin við girðinguna. Kýrin Elsa blikkaði til nautsins og hann stökk yfir girðinguna.

„Heitir þú ekki Sólon hinn mikli?“ spurði hún „Kallaðu mig bara Sólon. Girðingin var heldur hærri en ég hélt!“



Eiginmaðurinn kom heim úr vinnunni og brá þegar að konan hans, ljóska, hékk yfir eldhúsvaskinum hágrátandi. „Hvað er að elskan?“ spurði eiginnmaðurinn. Ljóskan svaraði milli gráthviðanna: „sko ég náði í klaka úr frystinum í dag en missti hann á gólfið. Þá skolaði ég hann með heitu vatni og nú finn ég hann ekki aftur .....“

Það var einu sinni maður sem lá sofandi upp í rúmi og var að dreyma um mikla súkkulaðiveislu. Síðan vaknaði hann með skeið í rassinum.

Hafið þið heyrt um Hafnfirðinginn sem læsti bíllyklana inn í bílnum?

Það tók hafnfirsku lögregluna yfir klukkutíma að ná fjölskyldunni út úr bifreiðinni.

Sölumaður var á leiðinni í gegnum þorpið. Á leiðinni þurfti hann að stoppa fyrir stórum hópi fólks sem var að fylgja einhverjum til grafar. „Hver dó?“ spurði sölumaðurinn þorpsbúa sem stóð hjá. „Ég er ekki viss“ svaraði þorpsbúinn „en ég held að það sé sá sem er í kistunni“....

Síminn er:  
423 - 7377



Opnunartími:

Mán - fimmtud: 11:30 - 14:00  
17:30 - 22:00  
Föstud - laugard: 11:30 - 22:00  
Sunnudagur: 17:00 - 22:00



3/8/1999 07:23



3/8/1999 12:48



04:03



3/4/1999 10:38

# Blaðanefnd "99



3/6/1999 08:29

# Kennaraskop

**Ágústa:** Bíðiði bara.....I'll be back.

**Einar Sveinn:** I'm your papa, your daddy, your pal.

**Einar Sólon:** Fornaldarmaðurinn.

**Elín:** Reyklaus FOREVER.

**Elsa:** Kolamoli.

**Friðrik:** AAAA, ég fékk raflost.

**Guðbjörg:** ☺ Rosalega er þetta flott, elskan.

**Guðjón:** Einu sinni blablabla.

**Helga:** Þetta er nefnilega það sem málið snýst um.

**Jóhanna:** Ljóska ársins.

**Marjatta:** Mig vantar loð-narýjur.

**Pétur:** Lykla-Pétur.

**Ragnar:** ☹ Æfingin skiptir máli.

**Siggi:** Farið af ircinu, annars getiði bara verið úti.

**Beggi:** Krakkar, Ssskokkið Ssssex hringi.

**Svava:** Viltu þegja.

**Sæunn:** Ég klaga bara í'ann pabba.

**Thelma:** Ég er á lausu.

**Unnar:** Ég get verið með buxurnar hærra en ALLIR.

**Ósk:** Ein ég sit og sauma.....

**Bagga:** Sjáið hvað ég er flott.

**Þorbjörg:** Krakkar, farið eftir útivistareglunum.

**Þórunn:** Amma skólans.

**Þórunn M:** Krakkar syndið 30 ferðir..... í pottinum.



# STJÖRNUSPÁ

## Vatnsberinn



Þú verður fyrir áfalli í kvöld og einhver vinur þinn mun byrja með stelpunni/stráknum sem þú ert hrifin af.  
Happatölur eru 6 og 69

## Hrúturinn



Einhver ljót(ur) stelpa/strákur mun glápa á þig í allt kvöld þar til þú ælir  
Heppilegir makar í krabbanum

## Fiskarnir



Ég mundi passa mig í kvöld á namminu, því þegar þú vaknar verður þú öll/allur út í bólum og spikfeit(ur)  
Happatölur 3, 13 og 113

## Tvíburarnir



Ég mundi ekki hreyfa mig mikið í kvöld því það er einhver hættu á slysi hjá tvíburnum, vertu bara í sætinu þínu og lestu SANDKORN

## Nautið



Ekki fá þér kók því þú átt eftir að hella því yfir sparifötin þín!!  
Heppilegir makar í meyjunni.

## Krabbinn



Þér gengur ekki vel í ástarmálum í kvöld, en reyndu að læra nokkrar pick-up línur

## Ljónið



Ekki dansa upp á sviði. Ég sé að þú átt eftir að detta niður og tvíbrotna á fótum, mjaðmagrindabrotna og mænuskaddast, So please, take my advise.  
Happatölur 6, 8, og 9

## Meyjann



Það gæti verið heppilegt að vera í röndóttum nærbuxum. Því stelpa/strákurinn sem þú ert hrifin af elskar röndóttar nærbuxur.  
Happatölur 2, 6 og 89

## Voginn



Ekki dansa mikið í kvöld því strákurinn/stelpa sem þú ert hrifin af missir allan áhuga á þér því þú dansar fáránlega.

## Sporðrekinn



Dansaðu eins mikið og þú mögulega getur því stráku/stelpa munu hrífast mikið að þér. Heppilegir makar í Hrútnum

## Bogamaðurinn



Haltu þig frá dansgólfinu því fötin sem þú ert í eru viðkvæm. En ef þú hefur farið í rósóttar nærbuxur þá er heppnin með þér. Happatölur 34 45 Og 60

## Steingeit



Þú munnt ekki geta treyst mörgum í kvöld en þú getur þó treyst vinkonum/vinum þínum sem eru í sama bekk og þú. Happatölur 7, 19 og 99.



# 10 GÓÐ RÁÐ TIL AÐ KOMA KENNARA Í VONT SKAP

- Syngjið hópsöng í tíma (mjög falskt).
  - Ekki læra heima ( kannski bara smá).
  - Segjið að hárið og fötin séu ljót eða ekki í tísku.
  - Látið hana/hann vita að hún/hann sé ógeðslega andfúl/ll.
  - Segið að hún/hann sé heimsk/heimskur.
  - REYNIÐ AÐ KENNA HENNI/HONUM AÐ RAPPA OG GERIÐ SYO GRÍN AÐ HENNI/HONUM.
  - Spyrjið hvenær hún/hann missti ????????????
  - Spyrjið hvort hún/hann fari aldrei í bað.
  - Spurðu hvað hún/hann sé gömul/gamall.
  - Og svo geturðu líka bara sagt að hann/hún sé ömurlegur kennari.
- 

Ljóskan stóð allt í einu upp á miðri búktalaraskemmtun og kallaði: „Hey, þú þarna! Ég er búin að fá leið á því hvað þú ert með niðrandi ljóskubrandara á okkar kostnað! Við erum ekki allar vitlausar!” „Slappaðu af“ sagði búktalarinn, „þetta eru bara brandarar”. „Ég er ekki að tala við þig” sagði ljóskan, „ég er að tala við litla gerpið sem situr á hnjánum á þér”.



Munið símann sem er:


421 - 4067

Hafnargötu 30,  
Keflavík

# SNYRTI OG NUDD STOFA RÓSU GUÐNA


SÍMIN ER  
423-7930

RÓSA RÓSI  
LÍFUS



Öll almen snyrti og nudd  
þjónusta

- ◆ Amerískur túristi fór inn á veitingarstað á Spáni. Hann bað um sérrett hússins. Þegar þjónninn lagði réttinn á borðið spurði Amerikaninn: „Hvaða kjöt er í þessum rétti?“ „Þetta er cojonos, senjor“ svaraði þjónninn. „Hvað er nú það?“ spurði túristinn. „Það eru eistun á nautinu sem var drepð á nautaatinu í dag“. Túristinn svitnaði við tilhugsunina en ákvað að prófa réttinn samt sem áður. Honum fannst rétturinn alveg meiriháttar góður. Kvöldið eftir kom túristinn aftur á veitingastaðinn og pantaði aftur sérrett hússins. Eftir að hafa klárað allan réttinn sagði túristinn við þjóninn: „Cojonin, í dag eru miklu minni heldur en þau sem ég fékk í gær“. „Það er alveg rétt herra“: sagði þjónninn, „það er nefnileg ekki alltaf nautið sem tapar.....“.



Haraldur  
Böðvarsson hf.

# NAFLASKOÐUN!!!!

**NAFN:** Viðar Örn Viðarsson.

**FÆÐINGAD./ÁR:** 06.07.83.

**HEIMILI:** Hjallagata 4.

**UPPÁHALDS MATUR:** Pizza (frá tengdó).

- **DRYKKUR:** Kók.
- **FÓTBOLTALIÐ:** Tottenham.
- **ÍPRÓTT:** Fótolti og Skíði.
- **HLJÓMSVEIT:** Nirvana.
- **LAG:** Pretty fly for a white guy.
- **BÍÓMYND:** Titanic.
- **LEIKARI:** Nicolas Cage.

**DRAUMAPRINSESSA:** Valerie (í Beverly Hills).

**DRAUMABÍLL:** Mitsubishi Carisma.

**DRAUMAHÚS:** Bjálkahús.

**MOTTÓ:** Að halda með Tottenham.

**VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM:** Já.

**NAFN:** Rebekka Þormar

**FÆÐINGAD./ÁR:** 18 des 1984

**HEIMILI:** Holtsgata 38 245 Sandgerði

**UPPÁHALDS MATUR:** Kornflex

- **DRYKKUR:** Vatn
- **FÓTBOLTALIÐ:** Það er spurning
- **ÍPRÓTT:** Allar nema box og wrestling
- **HLJÓMSVEIT:** Konukvöl
- **LAG:** Pretty fly for a white guy, From this moment light up my life.
- **BÍÓMYND:** Ace Ventura 1 og Dumb and Dumber
- **LEIKARI:** Jim Carrey

**DRAUMAPRINS:** Brad Pitt

**DRAUMABÍLL:** Eldrauður Sportbíll

**DRAUMAHÚS:** Torfkofi frá fornöld

**MOTTÓ:** 60 sek sem þú eyðir í fylu er 1 mín sem þú hefur geta hlegið NJÓTTU LÍFSINS!!!!

**VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM:** Have fun tonight, because I know I'm going to!! KVEÐJA REBEKKA.

20% afsláttur fyrir alla skólakrakka

The logo for Lifestyle Fitness Center features the word "Lifestyle" in a white, cursive script font, set against a dark, textured background. A white swoosh underline is positioned beneath the text.

**FITNESS CENTER**

Opnunartíminn er:

Mán-föst: 06 - 23

Laugardag: 08 - 21

Sunnudag: 11 - 18

snesvegi 12 · Keflavík · Sími 420 7001

# BRANDARAR

Þrír krimmar voru á leiðinni í fangelsi. Til að létta þeim vistina í fangelsinu mátti hver þeirra taka með einn hlut. Í rútunni á leiðinni spurði einn krimminn þann næsta: „hvað tókst þú með þér“.

Hann dró upp málingartúpur og sagðist ætla að mála allt sem hann gæti. Hann ætlaði að verða „Kjarval fangelsanna“. En þú? „Hvað komst þú með?“ Sá dró upp spilastokk og sagði brosandí: „Ég kom með þessi spil. Ég get spilað bridge, rommí, lagt kapal og hvað sem er.“

Þriðji krimminn sat bara þegjandi og glotti. Hinir tveir tóku eftir því og spurði hann: „Hvers vegna glottir þú? Hvað tókst þú með þér?“

Gæinn dró upp túrtappapakka og sagði brosandí: „Ég tók þessa með“. Hinir urðu eitt spurningarmerki og spurðu: „Hvað heldurðu að þú getir gert með þetta?“ Hann brosti, benti á pakkann og sagði:

„Hér stendur að ég geti farið á hestbak, synt, farið á línuskauta og verið frjáls.....“

**Fyrir nokkrum árum var LJÓSKI að vinna hjá okkur sem ekki var mjög skarpur. Dag einn var hann að vinna í ritvinnslunni og sneri sér að öðrum ritara og sagði: Ég er alveg að verða uppiskroppa með pappír í prentaranum hjá mér. Hvað á ég að gera? "Notaðu bara ljósritunarpappír" sagði ritarinn. Ljósinn stóð upp með síðasta tóma blaðið í prentaranum og fór með það inn í ljósritunarherbergið og ljósritaði 5 ný blöð.**

Einu sinni voru 3 karlmenn að spjalla saman þegar einn þeirra sagði: Heyriði, Ég held að kona mín haldi fram hjá mér með pípara!!

-Nú af hverju segir þú það sagði annar?

-Sko ég fann nefnilega skrífulykill undir rúminu okkar!

Þá segir hinn, ég á við sama vandamál að srtíða ég fann bara skæri undir því og held þers vegna að hún haldi fram hjá með rakara!!

Þá segir sá þriðji: Ég held bara að kona mín haldi fram hjá með hesti!!

-Af hverju segir þú það spurði sá fyrsti?

-Ég fann nefnilega knapa undir rúminu okkar!!!!

Munið símann sem er.

421 - 4067



Hafnargötu 30  
Keflavík

# Ennþá meiri naflaskoðun

NAFN: Brynjar Mar Lárusson

FÆÐINGARD/ÁR: 26 Janúar 85

HEIMILI: Klappastígur 4.

UPPÁHALDS MATUR: Pizza

FÓTBOLTALIÐ: Liverpool

HLJÓMSVEIT: Land og synir

LAG: Ástafár

BÍÓMYND: I still now what did last summer

LEIKARI: Nicolas Cage

DRAUMAPRINSESSA: Ása

DRAUMABÍLL: Jaguar

DRAUMAHÚS: Hvítahúsið

MOTTÓ: ?

VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM: Mér þykir vænt um hvað þið eruð góð við 8. Bekk og ég er skotinn í Unnari.



NAFN: Svavar Grétarsson

FÆÐINGARD/ÁR: 19. APRÍL 85

HEIMILI: BREKKUSTÍG 9

UPPÁHALDSMATUR: PIZZA

FÓTBOLTALIÐ: MAN.UTD (LEEDS)

HLJÓMSVEIT: EKKI LAND OG SYNIR

LAG: PRETTY FLY FOR A WHITE GUY

BÍÓMYND: RUSH HOUR

LEIKARI. NICOLAS CAGE

DRAUMAPRINSESSA: JÓNA KRISTÍN

DRAUMABÍLL: DODGE VIPER

DRAUMAHÚS: FORESTABÚSTAÐURINN

MOTTÓ: VERÐA EINS OG UNNAR EN EKKI VEDZY.

VILTU SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM: LAND OG SYNIR ERU ÖMULEIGIR, EN SKEMMTIÐI YKKUR SAMT VEL Í KVÖLD.



## Viðtal við Jón Gnarr fóstbróður

**1.Hvernig datt ykkur í hug að gera þættina Fóstbræður?**

**Svar:** Mér og Sigurjóni langaði að gera þætti eins og í útlöndum.

**2.Hvað ertu gamall?**

**Svar:** 32. Ára.

**3.Hver er elsti meðlimur ykkar í Fóstbræðrum?**

**Svar:** Helga Braga.

**4.Af hverju fengu þið Gunnar í þættina?**

**Svar:** Þegar Hilmir Snær hætti vantaði einhvern annan sætan strák í þættina.

**5. Hver er eftirlætis þátturinn þinn?**

**Svar:** Fóstbræður

**6.Af hverju er bara ein kona í þáttunum?**

**Svar:** Það er svo lítið af fyndnum konum til.

**7.Væri ekki betra að hafa fleiri konur?**

**Svar:** Það væri ágætt ef við fyndum aðra fyndna konu, en Helga getur leikið allar konur.

**8. Hvaða álit hefur þú á Spaugstofunni?**

**Svar:** Sama álit og á Mánudagsviðtalinu.

**9.Hvað er besta þáttaröðin þín fyrir utan Fóstbræður?**

**Svar:** Dallas.

**10.Lýstu sjálfum þér í eins fáum orðum og þú getur.**

**Svar:** Rauðhærður með gleraugu.

**11.Getur þú sagt okkur einn stuttan brandara?**

**Svar:** Ég kann enga brandara

**12.Hver er uppáhalds leikarinn þinn?**

**Svar:** Elizabet Taylor.

**13. Viltu segja eitthvað að lokum?**

**Svar:** Passið ykkur á heróíninu.



# KENNARAVIDTÖL

**Nafn:** Ragnhildur Guðmundsdóttir.

**Fæðingard/ár:** 28 nóvember 1964.

**Bíll:** Gamall Volvo.

**Maki:** Rögnvaldur H. Helgason.

**Börn:** 3 strákar og 1 stelpa.

**Uppáhaldsmatur:** Djúpsteiktur skötuselur með frönskum og nætursöltuð ýsa með rúg-brauði.

**Uppáhalds Drykkur:** Ísköld mjólk.

**Uppáhalds nemandi:** Allir.

**Uppáhalds lag:** Þrek og Tár.

**Uppáhalds Bíómynd:** Réttarlæknirinn Halifax.

**Uppáhalds Fag:** Félagsfræði og Fjölmiðlafræði.

**Besti vinur:** Ég sjálf.

**Draumastarf:** Kennari og rannsóknarkona.

**Viltu segja eitthvað að lokum:** Glósið vel heima.

---

**Nafn:** Pétur Brynjarsson.

**Fæðingard/ár:** 12. Feb. 1958.

**Bíll:** Toyota Corolla árgerð 1998.

**Maki:** Björk Garðarsdóttir.

**Börn:** Sigrún og Katrín.

**Uppáhaldsmatur:** Sojabauabúðingur.

**Uppáhalds drykkur:** Kaffi.

**Uppáhaldsnemandi:** Allir.

**Uppáhalds lag:** Í bláum skugga, með Stuðmönnum.

**Uppáhalds bíómynd:** As good as it gets.

**Uppáhalds fag:** Saga.

**Besti vinur:** Konan mín.

**Draumastarf:** Kennari.

**Mottó:** Að gera eins vel og ég get.

**Viltu segja eitthvað að lokum:** Ég óska ykkur alls hins besta.



**HÚSASMÍÐJAN**

**Opnunartíminn er:**

Mán-föst: 08 - 18

Laugadag: 09 - 13

**Smiðjuvellir í Keflavík**

síminn er 421-6500

# BRANDARAR

Einu sinni var maður sem fór í vinnu til bónda upp í sveit. Maðurinn vildi ekki fá neitt í laun nema drátt með einhverju dýri bóndans. Og eftir viku fékk maðurinn að velja sér eitthvert dýr. Maðurinn valdi sér rollu og tók hana!!!! og þá fór bóndinn að hlæja þá sagði maðurinn hvers vegna hlærðu? Þú tókst ljótustu rolluna þá gekk maðurinn í burtu í svolitilli fýlu. Hann gekk beint að mjaltarvélinni og stakk henni á ?????? á sér. Þá fékk bóndinn algjört hláturskast. Hvers vegna hlærðu, spurði vinnumaðurinn. Þá heyrðist í bóndanum: „vélin stoppar ekki fyrr en það eru komnir í hana 2 lítrar, að minnsta kosti“.

Eitt sinn var ungur maður að kaupa afmælisgjöf handa kærustunni sinni og með honum fór systir hennar. Þau fóru að kaupa einhverja flotta gjöf og keypti hann loðfóðraða leðurhanska, en systir hennar keypti nærföt. Búðarkonan pakkaði inn gjöfunum og ruglaði óvart saman pökkunum. Pakkarnir víxluðust og tók hann nærfötin og systirin hanskana. Kærastinn skrifaði kort með pakkanum sem á stóð: Til hamingju með daginn ástin mín.  
P.S. Það er í tísku að bretta upp á og láta loðfeldinn sjást.

## Sandgerðisbær



Skrifstofa, sími.....	423-7554
Hafnarvogin, sími.....	423-7477
Áhaldahús, sími.....	423-7515
Íþróttahús og sundlaug, sími.....	423-7736
Dagheimili, sími.....	423-7620
Ferða- og fræðrasetrið, sími.....	423-7551
Grunnskólinn, sími.....	423-7610

Skrifstofan er opin alla daga frá kl. 08:30-12 og 13-16



# .....MEIRA AF STUÐI.....

Við byrjuðum rólega eftir jólafríð, enda fólk ennþá að að jafna sig eftir jólasteikurnar. Við skiptum þó um gír 15. janúar þegar fram fór Karokekeppni Skýjaborgar. Þar sem Rebekka kom sá og sigraði. Hún hélt síðan áfram að syngja, fyrst í Félagsbíói í Keflavík á karokekeppni SamSuð. Þá var salurinn algerlega Frozen þegar hún söng, líka þegar Hjördís var með henni á sviðinu - „Another one bites the dust”. Flottust var Rebekka þó í Ásgarði í Garðabæ á Söngkeppni Samfés þar sem hún ásamt Ellu og Kollu gjörsamlega heillaði salinn með frábæru atriði. Og alltaf fylgdi stór hópur úr Skýjaborg með til að styðja sína konu.

Annars er búið að gera margt skemmtilegt í Skýjaborg á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru af árinu. Það hafa verið haldin vöflukvöld, þrifkvöld, bollukvöld, nokkur kvikmyndakvöld og grettukeppni svo eitthvað sé nefnt. Við fengum góða gesti frá AFS-skiptinemasamtökunum um daginn sem kynntu fyrir okkur hvað getur verið spennandi að búa í framandi landi og ganga í skóla þar. Kötturinn var sleginn úr tunnunni í Íþróttamiðstöðinni á öskudaginn og við fórum að sjá „You g@t mail” með Útnesi. Jói segir að þetta sé skemmtilegasta mynd sem hann hafi nokkurn tímann séð. Nokkrir klúbbar hafa líka verið í gangi, tölvuhausar hafa “hakkað” upp í tölvuherbergi með Sigga Friðjóns, blaðanefndin starfað af miklum krafti með Unnari, íþróttafólk hefur fengið útrás með Begga, stelpurnar hafa stofnað klúbb með aðstoð frá Hönnu Þórunni og tónlistafrik eru byrjuð að hittast reglulega.


Við fengum fullt af gestum þegar Teiti '86 var haldið í Sandgerði. Þá fylltu hreinlega allir 7. bekkingar Suðurnesja Samkomuhúsið. Þar lýstu nokkrir strákar úr Ungó í Keflavík því yfir að sætustu stelpurnar væru frá Sandgerði. Vogabúar úr Félagsmiðstöðinni Borunni komu í heimsókn um daginn en voru svo þreytt eftir skíðaferðalag að þau voru öll sofnuð í Draumalandi og fóru heim löngu áður en diskótekið var búið.

Þann 5. febrúar var haldið auka-diskótek og var ágóðinn af því færður Elsu Ísafold sem var svo óheppinn að það kviknaði í heima hjá henni. Vonandi geta þessir peningarnir eitthvað hjálpað henni við að koma heimilinu í samt lag aftur.

Árið í ár á eftir að vera sögulegt fyrir Skýjaborg. Ástæðan er að í haust flytur Félagsmiðstöðin í nýtt húsnæði. Eftir mikið jaþl, jaml og jæja hefur verið ákveðið að leigja efri hæðina í Reynisheimilinu og flytja Skýjaborg þangað. Í haust verður starfsemin okkar því á nýjum stað og verður vonandi ennþá betri en hún hefur verið áður. Vorið verður notað til að gera húsið klárt og þar munu þið sem notið félagmiðstöðinna að sjálfsögðu eiga hlut í máli. Annars verður flutningurinn á Skýjaborg kynntur betur fyrir ykkur nú í mars eða apríl því þið eruð fólkið sem þarf að standa þar að verki, þið eruð félagsmiðstöðin.

Nóg komið af tuði, fáum meira af stuði. Það er árshátíð og að sjálfsögðu með bestu hljómsveitinni, Á móti sól, eins og nemendur vita afboðuðu Land og synir sig á síðustu stundu, á hálf dularfullan hátt. Það verður brjáluð stemming og æðislega gaman.

GLEÐILEGA ÁRSHÁTÍÐ




Berglind, Hildur, Fanney, Óli Þór og Unnar.

# Land og synir

(svikarar)

- **Nafn:** Hreimur Örn Heimisson
- **Áhugamál:** Bara tónlist
- **Hvernig datt ykkur í hug nafnið Land og Synir:** Það var eldgömul mynd sem við sáum sem hét Land og Synir, síðan sáum við eldgamalt plakat sem stóð á Land og Synir og okkur fannst það bara cool nafn og við ákváðum að heita það
- **Hvaða aldur finnst þér skemmtilegast að spila fyrir:** Mér finnst frábært að spila fyrir 6. – 10. Bekk.
- **Hvernig er að vera vinsæll:** Það er bara ágætt, það er svo auðvelt að vera vinsæll á Íslandi í dag
- **Hvar finnst þér skemmtilegast að spila:** Þar sem er góð stemning og góðar undirtektir, sem er alltaf
- **Hvar myndir þú helst vilja spila:** Draumur minn er að spila á flottri sólarströnd, t.d. á Jamaica
- **Semur þú eitthvað af ykkar lögum:** Já flest öll
- **Ertu oft kvíðinn þegar þú ert að fara að spila:** Það var þínu fyrst en það er ekki lengur, ég er óhræddi drengurinn
- **Þegar þið spilið á böllum spilið þið þá mikið af ykkar lögum:** Já við reynum að spila sem flest af okkar lögum
- **Hver er hugmyndin á bak við lagið Vöðvastæltur:** Ég samdi texta um fyrrverandi hljómborðsleikara í Landi og Sonum sem var að læra að verða íþróttakennari og var alltaf að lyfta og ég vildi verða eins og hann
- **Hvað meiniði með laginu Ástarfár:** Mig og Nonna langaði að semja eitthvað fallegt lag um fallega stelpu. Merking orðsins er þegar stelpa er hrifin af strák, síðan eru kannski þeir strákar hrifnir af henni en strákurinn sem hún er hrifin af er ekki einn af þeim og þá er bara allt komið í klessu, bara algjört Ástarfár
- **Viltu segja eitthvað að lokum:** Bara haldið áfram að hlusta, takk fyrir stuðninginn þetta væri ekki hægt án ykkar



# Heyrst hefur.....

.....að Óttar hafi fundið töskuna sína á ný, eftir langa leit. Sagt hefur verið að hún hafi leynst í draslinu í herberginu hans Villa.

.....að Sigurleif og Inga stundi mikið Keflavíkurferðir að kvöldi til. Hvað ætli þessar ungu dömur séu að sækjast eftir?

.....að Óli sé alveg brjálæðislega ástfanginn af henni Bergþóru, ætli eitthvað eigi eftir að ske á milli þeirra.

.....að Viggí sé eitthvað að spá í Rebekku, ætli hún beri sama hug til hans, hver veit nema það kvikni einhver þráður í kvöld.

.....að Villi sé líka eitthvað að spá í henni Rebekku. Kannski það eigi bara eftir að ske eitthvað á milli þeirra þriggja.

.....að Svenni hafi ekki komið á jólaskemmtunina vegna brúns beltis. Ætli hann sé með svart belt í kvöld eða er hann hér.

.....að Sigurleif hafi orðið fyrir virkilegu miklu áfalli þegar henni var skilað aftur fötum sem hún hafði lánað og hafi fötin alls ekki verið í góðu ástandi. Hefur hún því ákveðið að lána flíkurnar sínar fyrir aðeins 1000.kr á sólarhring.

.....að E.Kolla hefur haldið sig á löbbunum í rúmlega hálf t.ár án þess að slasa sig alvarlega. (hvað kom til)


.....að Villi A. sé á leiðinni til Chicago Bulls til þess að fylla í skarðið sem Michael Jordan skyldi eftir sig.

.....að Ella sé búin að ráða sig hjá Íslenskum Flúor ehf. Mun hún hefja störf um leið og hún hefur lokið við námskeið hjá Flugfreyjuskóla Flugleið.

.....að Spice Girls hafi hringt í hann Svavar og beðið hann um að fylla skarð Geri og hann mun kalla sig.

.....að Ingimundur sé nú á leið til Japans til þess að fara í kynskiptiaðgerð. Mun hann vera í fylgt Díönu Ómel og Braga Jóns.





Gengið er klúbbur í Landsbankanum fyrir fólk í 8. 9. og 10. bekk.

Ef þú gengur í Gengið núna getur þú valið um - íþróttatösku eða  
- glæsilegt fílofax


Það eina sem þú þarft að gera er að leggja 1000.kr. inn á reikning í Landsbankanum og þá ertu orðin(n) Gengisfélagi

## MEMLANDASKOÞ

- ◆ Djöfull eru þið barnaleg, miðað við mig.  
Guðlaug 9. E.Þ.
- ◆ Ég er svo sterkur, ég get barið alla.  
Guðni 8. E.S.G.
- ◆ Ég er svo flottur að hvert sem ég fer, hópast stelpurnar í kringum mig.  
Ingimundur 9.E.Þ.
- ◆ Ég er svo uppþrengjandi að stelpurnar þola mig ekki.  
Elvar Geir 10.E.Í.A.
- ◆ Halló, mig vantar ATHYGLI.  
Vignir 9.R.Ö.J.



VIGGI




# Aðstoð

Ljósritun og tölvupjónusta

HAFNARGÖTU 34 KEFLAVÍK

SÍMI 421 5880

FAX 421 5887



VIÐ HJÁ BLAÐANEFND VILJUM ÞAKKA AÐSTOÐ FYRIR ALLA  
HJÁLPINA.

- ◆ „Hvað áttu margar systur Dísar”? „Tvær” segir Dísar. „Hættu nú að ljúga að mér” segir Bubbi „ég talaði við bróður þinn í gær og hann sagðist eiga þrjár”.

Maður labbar inn á veitingastað og fær sér sæti. Hann sér að réttur dagsins er kalt Chili (baunapottréttur). Þegar þjónustustúlkan kemur til að taka pöntunina hjá honum pantar hann kalt chili. „Því miður“ segir þjónustustúlkan. „Náunginn við næsta borð fékk síðustu skálina”. „Jæja, ég ætla þá bara að fá kaffi” sagði maðurinn. Eftir smástund tekur hann eftir því að maðurinn á næsta borði, þessi sem fékk síðustu skálina, er að klára stóran skammt af frönskum og hamborgara en chili skálin er ennþá full. Hann spyr: „ætlarðu ekki að borða kalda chiliréttinn”.

Náunginn svarar: „Nei”. Maðurinn spyr því hvort hann megi kaupa skálina af honum. „Þú mátt fá þetta ókeypis” segir hinn náunginn.

Svo að maðurinn tekur skálina til sín og byrjar að úða í sig baunapottréttinum. Hann er æðislega góður og alveg mátulega mikið chili í honum. Þegar hann er kominn miðja leið ofaní skálina sér hann dauða mús á botninum og gubbar öllu ofaní skálina aftur. Náunginn á næsta borði hallaði sér að honum samúðarfullur og sagði: „Þetta er akkúrat það sama og kom fyrir mig”.

Munið símann sem er:

421-4067

Hafnfargötu 30,  
Keflavík



# KÆRI PSYCHO

## Kæri Psycho

Ég á við stórt vandamál að stríða. Það vill enginn vera vinur minn. Alltaf þegar ég kem inn í herbergið mitt líður mér eins og ég liggi út á túni með fæturnar upp í loftið og horfi á skærgræna krókódíla fljúga í bleikum skýjum. Og þess vegna kalla allir krakkarnir í skólanum mig ímó. Hvað get ég gert til þess að losna við þetta orð.

**Einn Ímó**

## Kæri Ímó

Það fyrsta sem mér dettur í hug að þú getir gert til þess að losna við þetta orð, er að venja þig á að hugsa bara um stelpuna sem þig hefur ætíð dreymt um að hitta þegar þú ferð inn í herbergið þitt, og eftir upb. mánuð getur þú byrjað að bjóða vinum þínum án þess að hafa áhyggjur af því að vera kallaður ímó, því það er venja að strákar séu obsest með stelpur.

**Þinn Psycho**

## Kæri Psycho

Ég er 14 ára stelpa, sem er hrifin af strák sem er 15 ára vetsítýpa !! Hann er mjög fallegur, en klæðnaðurinn er alveg hræðilegur. Hvað get ég gert til að láta hann skipta um fatasmekk, því að mér finnst að fötin skipta öllu máli. Ég meina, ég get ekki verið með einhverjum strák sem klæðist einhverjum lörfum. Það mætti halda að hann keypti sér föt á einhverjum flóamarkaðnum.

**Ein perfect**

## Kæra ein perfect

Það sem mér finnst að þú ættir að gera er að a.t.h. hvort hann hafi einhvern áhuga á þér, og ef svo er, reyndu þá við hann, og ef samband ykkar mun eitthvað ganga, reyndu þá að lokka hann með þér að versla og kauptu þá á hann einhver ný föt sem þig langar að sjá hann í.

**Þinn Psycho**

## Kæri Psycho.

Ég 15 ára strákur sem er ástfanginn af 18 ára strák, en vandamálið er að hann er alveg þvívíkt fallegur, og hann vill örugglega ekkert með mig hafa. Ég er ekki viss um að hann sé hommi, en ég held að hann sé það, því einu sinni snerti hann á mér rassinn, og sagði svo fyrirgefðu ég rakst utan í þig.

**Einn ástfanginn (af hinu kyninu)**

## Kæri Einn ástfanginn (af hinu kyninu)

Ég ráðlegg þér að reyna að komast að því hvort hann er hommi eða ekki. Ef hann er ekki hommi þá er það bara svo einfalt að þú reynir að finna einhvern annan sem er samkynhneigður. En ef hann er samkynhneigður þá getur þú reynt að fá hann til þín en ef hann vill ekkert með þig hafa þá verður bara að hafa það og reyna einhvern annan.


**Þinn Psycho.**

# „AMERÍKA ER RUGLAÐ LAND”

Einu sinni var strákur (Tóki) sem flutti til Bandaríkjanna með mömmu, pabba og Gunnu systur sinni. Hann fór í skóla þar sem skritið fólk, dópsalar voru á BMW og Benzum. Einn daginn er hann var á leiðinni í skólann með rútunni byrjaði hann að rífast við nörd. Nördið lyfti peysunni upp og var með 3 skammbyssur. Þá hugsaði Tóki (Dam) og hann sagði (watta fuck)og lúskraði á nördinu. Annan daginn í skólanum fór hann inn á klósett og þar var kani að r\*ð\* stelpu. Tóki hugsaði með sér AMERÍKA ER RUGLAÐ LAND!!!!

Tóki strákurinn sem við sögðum frá í síðustu sögu var að fara í picknic ferð með mömmu, pabba, Gunnu og Cole kærastanum hennar Gunnu. Þegar þau voru búin að borða ákváðu þau að fara í göngutúr og gerðu þau það. Tóki labbaði einn eitthvert út í buskann þá beit snákur í skóinn hans Tóka ,Tóka brá svo að hann sparkaði og sparkaði þannig að snákurinn drapst, þá kom pabbi Tóka hlaupandi með spýtu og rotaði hann (snákin).  
AMERÍKA ER RUGLAÐ LAND!!!!

HÖF: Gunsó ítalianó



Munið símann sem er:

421-4067

Hafnargötu 30,  
Keflavík

## 10. BEKKURINN Í FRAMTÍÐINNI

**ÁSA INGIBJÖRG** : Hún mun kenna jassballet í Leiklistarskóla Íslands. Og í leiklistar skólanum mun hún hitta draumaprinsinn og munu þau eignast 2 börn, og búa í stóru einbíl- ishúsi í miðbæ Reykjavíkur.

**ELÍN BJÖRG** : Hún mun flytjast til Tælands með kærastanum, og mun hún verða frægur blaðamaður. Munu þau ættleiða eina litla tælenska telpu, og munu þau búa í litlu skritnu húsi.

**GUÐRÚN ELÍSA** : Hún mun verða dýralæknir á dýraspítalanum á Egilsstöðum, og mun hún verða fræg fyrir að finna lyf við hinum fræga sjúkdómi dýra-krabba. Hún mun giftast og eignast fimm börn.

**HALLDÓR** : Hann mun fá viðurkenningu fyrir vel unnin störf við ræktun á svínunum, og mun hann búa með hundinum sínum á litlum bæ skammt frá Mosfellssveit.

**HRAFNHILDUR BJÖRG** : Hún mun fá bókmenntaverðlaun Nóbels og giftast alþingis- manni, og munu þau lifa hamingjusöm það sem eftir er.

**HÖRÐUR** : Hann mun ganga í gegnum háskóla, og verða leikari, og mun hann auk þess vera útskrifaður með doctorsgráðu í sálfræði .

**INGA MARGRÉT** : Hún mun lifa mjög hamingjusömu lífi og mun hún verða hjóna- bandsráðgjafi, og hina stundina mun hún stunda strippstaði af fullum krafti.

**JÓHANNES** : Hann mun hafa þann heiður að vera valinn mesta KYNTRÖLL sem unnið hefur í Jón Erlings. Mun hann giftast og eignast tvö börn.

**JÓNA KRISTÍN** : Hún mun vinna hjá Hjálparstofnun kirkjunnar og hjálpa heimilis- lausum. Hún mun giftast Svenna og munu þau eignast þrjú börn.


**KRISTÍN** : Hún mun verða kennari í Grunnskóla Sandgerðis og kenna uppáhalds fagið sitt: LÍFFRÆÐI.

**LINDA SYLVÍA** : Hún mun verða strippari á Vegas og mun henni vegna vel. Hún mun giftast honum Rabba sínum og eignast þau eitt barn.



Myndir





Myndir úr lífi og starfi nemenda í Grunnskóla Sandgerðis

**MARÍA BJ** : Hún mun verða lyfjafræðingur og vinna í LYFJU í Reykjavík. Hún mun búa í íbúð á Krossinum.

**ÓSKAR PÉTUR** : Hann mun verða bílasali á Akureyri, og mun hann giftast Daggrósu í 9. bekk, og þau munu ættleiða þrjú indversk börn og eiga eitt sjálf.

**BRYNJA DÖGG** : Hún á framtíð fyrir sér í höggmyndum. Henni mun ganga alveg afskaplega vel að selja höggmyndirnar, og mun hún verða ástfangin af einum af höggmyndafyrirsætunum sínum.

**EIRÍKUR JÓNSSON** : Hann mun verða frægur stjörnufræðingur, og mun hann verða sá fyrsti sem á eftir að finna líf á Júpíter.

**ELÍSBET KOLBRÚN** : Hún á framtíð fyrir sér í fyrirsætuheiminum og giftist leikara í New York þau munu eignast fjögur falleg börn, þau eiga lítið hús rétt fyrir utan New York.

**ELVAR GEIR** : Hann mun taka við af SIGURÐI VAL sem bæjarstjóri í Sandgerði, mun hann verða fráskilinn og eiga eitt barn.

**GÍSLI JÓNATAN** : Hann mun eiga framtíð fyrir sér sem ljósmóðir, og mun hann sjálfur eignast þrjú börn með Iðunni og munu þau lifa hamingjusöm í fallegu húsnæði í Reykjavík.

**GUÐMUNDUR GÍSLI** : Hann mun eiga tískuvörverslun og sjálfur mun hann verða fatahönnuður og hanna megnið af þeim fötum sem seld verða í búðinni.

**HAFSTEINN ÞÓR** : Hann mun verða raffræðingur og taka við af föður sínum og sem raffræðikennari. Hann mun taka það að sér að selja stinningarlífið Viagra.

**HALLDÓRA SALÓME** : Hún mun verða miðill, það munu margir koma til hennar og biðja hana að vitna eitthvað til látins ættingja eða vinar.

**HAUKUR** : Hann á eftir að giftast einhverri ungri dömu frá Selfossi og eignast þau eitt barn. Það má ekki gleyma því að hann kennir í dansskóla Heiðars Ástvalds.

**HJÖRDÍS** : Hún mun verða læknaritari á Landsspítalanum og búa í litlu húsi skammt frá spítalanum með litla stráknunum sínum.

**KRISTÍN HELGA** : Hún mun eiga listasmiðju með eingöngu verkum eftir sjálfan sig. Hún mun giftast sætum mafiósa frá Ítalíu.


**LINDA ÖSP** :Hún mun eiga ilm- og kertabúð á Laugaveginum. Búa ein í kjallaraíbúð í Ríma hverfi í Grafarvoginum.

**MARGRÉT LILJA** : Hún mun búa rétt fyrir utan Aspen enda er hún mikil skíðamanneskja og giftist Frakka og þau munu eiga franskt veitinga hús.

**PÉTUR RÓBERT** : Hann á eftir taka við af frænda sínum í íþróttahúsinu og búa í nýja einbýlishúsinu sínu við Stafnesveg með naggrísnum sínum Tomma.

**SVEINN** : Hann mun taka við af ÓLA ÞÓR og sjá um nýju félagsmiðstöðina. ( sem verður brátt í Reynisheimilinu. )

**VÍÐAR ÖRN** : Hann mun þjálfa knatspyrnufélagið Aftureldingu í Mosfellsbæ, þar mun hann setjast að með Örnunni Völu og börnum sínum sjö.



## Sparisjóðurinn

-fyrir þig og þína

Eftirtaldir þættir standa námsmönnum m.a. til boða ef þeir eru í Námsmannþjónustu Sparisjóðsins.

- Vönduð skipulagsbók
- Nýtt námsmannadebetkort
- Frí ljósmyndataka í námsmannadebetkortið
- Afsláttur á tengingu við Internetið hjá OK samskiptum ehf.
- Námsstyrkir
- Hagstæðir vextir á námsmannadebetkortinu
- Góð ávöxtun sparifjár

Ráðgjöf í fjármálum

Farðu núna í næsta útibú Sparisjóðsins og skráðu þig í námsmannalínu Sparisjóðsins, þú tapar sko ekki á því.

Þau fyrirtæki sem styrktu gerð  
þessa blaðs.

Sjóvá-Almennar

Hafnargata 36, 230 Keflavík

Mangó

Hafnargötu 34, 230 Keflavík

Perlan

Hafnargata 32, 230 Keflavík

Arney ehf.

Strandgötu 20, 230 Sandgerði

Fiskverkunin Liljan

Strandgata 6, 245 Sandgerði

Vátryggingafélag Íslands Suðurgötu 14, 245 Sandgerði

Ón Erlíngsson

Strandgata 14, 245 Sandgerði

Stagtré ehf.

Strandgata 11b, 245 Sandgerði

Verzlunin Aldan

Tjarnargata 6, 245 Sandgerði

Skinnfiskur ehf.

Strandgata, 245 Sandgerði

Hársnyrting víf

Tjarnargata 8b, 245 Sandgerði

Flökun ehf.

Túngötu 6, 245 Sandgerði

Stafverk ehf.

Tjarnargata 11, 245 Sandgerði

Víð hjá blaðanefnd viljum þakka öllum  
eim fyrirtækjum sem styrktu útgáfu  
þessa blaðs og kaup á dígítal-myndavél  
em víð keyptum fyrir ágóðann af  
aglýsingunum, kærlega fyrir  
uðninginn.